

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 133/2012****2012/EES/63/11****frá 13. júlí 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við EES-samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauka við EES-samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2011 frá 19. júlí 2011 ⁽²⁾, en með henni var felld inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (endurútgefin) ⁽³⁾.
- 3) Markmið samningsaðila er að tryggja að flugrekendur EFTA-ríkjanna ⁽⁴⁾ eigi rétt á að stunda flugrekstur milli aðildarríkja Sambandsins og Sviss, fram og til baka.
- 4) Markmið samningsaðila er einnig að tryggja að flugrekendur Bandalagsins eigi rétt á að stunda flugrekstur milli EFTA-ríkis og Sviss, fram og til baka.
- 5) Sameiginlega EES-nefndin mun í þessu skyni veita svissneskum flugrekendum rétt, að því tilskildu að hann sé gagnkvæmur, til að stunda flugrekstur milli aðildarríkja Sambandsins og EFTA-ríkis, fram og til baka.
- 6) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði liðar 64a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008) breytist sem hér segir:

1. Núverandi aðlögunarliður b) verði endurtölusettur sem aðlögunarliður c).
2. Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á eftir aðlögunarliði a):

„b) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 15. gr.:

- „6) Svissneskir flugrekendur skulu, með sömu skilyrðum og flugrekendur í Bandalaginu og EFTA-ríkjum ⁽¹⁾, eiga rétt á að stunda flugrekstur milli aðildarríkja Evrópusambandsins og EFTA-ríkja, fram og til baka. Þetta er háð því að Bandalagið og Sviss, annars vegar, veiti flugrekendum í EFTA-ríkjum rétt til að stunda flugrekstur milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Sviss, fram og til baka, og, hins vegar, að Sviss og EFTA-ríki veiti flugrekendum í Bandalaginu rétt til að stunda flugrekstur milli Sviss og EFTA-ríkja, fram og til baka.

Allar takmarkanir á þessu fyrirkomulagi sem koma upp vegna gildandi tvíhliða eða fjölpjóðlegra samninga sem binda hendur Bandalagsins, annars vegar, og EFTA-ríkjanna, hins vegar eru, hér með leystar af hólmi.

⁽¹⁾ Vísanir í „EFTA“ eru í samræmi við ákvæði stafl. b) í 2. gr. EES-samningsins og ber að lesa sem vísanir í „EFTA-ríkin, sem eiga aðild að EES“.

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjótið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 37.

⁽²⁾ Stjótið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 62, og EES-viðbætur við Stjótið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 78.

⁽³⁾ Stjótið. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3.

⁽⁴⁾ Vísanir í „EFTA“ í ákvörðun þessari eru í samræmi við ákvæði stafl. b) í 2. gr. EES-samningsins og ber að lesa sem vísanir í „EFTA-ríkin, sem eiga aðild að EES“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða gildistökuðag samnings milli Evrópusambandsins og Sviss sem veitir flugrekendum EFTA-ríkja rétt til að stunda flugrekstur milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Sviss, fram og til baka, annars vegar, eða samnings milli EFTA-ríkja og Sviss sem veitir flugrekendum í Bandalaginu rétt til að stunda flugrekstur milli Sviss og EFTA-ríkja, fram og til baka, hins vegar, hvort sem ber upp síðar.

3. gr.

Formaður sameiginlegu EES-nefndarinnar skal tilkynna stjórnvöldum í Sviss samþykkt ákvörðunar þessarar og hvenær síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni, ef um slíkt er að ræða.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.